# Nemendurnir feta í fótspor Ingólfs

Skólastjórn UWCRCN-menntaskólans frá Noregi í heimsókn á Íslandi
Skólinn fagnar 20 ára afmæli sínu á næsta ári
Menntamálaráðuneytið hefur greitt fyrir tvo íslenska nemendur árlega

## **SVIÐSLJÓS**

**Stefán Gunnar Sveinsson** sgs@mbl.is



Skólastjórn alþjóðlega skólans UWCRCN kom hingað í vikunni. Skólinn, sem er í Noregi, er hluti af samstarfsverkefni Norðurlandanna, en Norðurlöndin, ásamt sjálfstjórnarhéruðum, eiga fulltrúa í skólaráði hans. Sigríður Anna Þórðardóttir, fyrrverandi ráðherra, er fulltrúi Íslands í skólaráði, en hún segir skólann hafa verið mjög merkilegan þátt í samstarfi Norðurlandanna þau 19 ár sem hann hafi verið rekinn.

Skólinn er hluti keðju alþjóðlegra skóla sem starfa um allan heim undir formerkjum keðjunnar United World Colleges og nýtur einnig stuðnings Rauða krossins í Noregi. Tveir íslenskir nemendur eru nú við skólann, en menntamálaráðuneytið hefur frá upphafi styrkt tvo nemendur þar til náms.

### Aldrei fleiri umsóknir en nú

Sigríður Anna segir að aldrei hafi borist fleiri umsóknir til skólans en nú síðast, en þar hafi hjálpað til, að skólinn hafi verið auglýstur á samfélagsmiðlum. Venjulegast hefur menntamálaráðuneytið auglýst umsóknarferlið á heimasíðu sinni á vorin, og hefur sú auglýsing jafnvel farið fyrir ofan garð og neðan.

Skólinn veitir próf til alþjóðlegrar IB-gráðu, sem jafngildir stúdentsprófi, en áherslan hefur frá upphafi verið á fjölbreytileikann. "Ég tel að skólinn veiti nemendum alveg ein-



Morgunblaðið/Kristinn

Fundur skólastjórnar Þau Sigríður Anna Þórðardóttir, Hjalti Björn Hrafnkelsson, formaður nemendafélags UWCRCN, og Arne Osland,þróunarstjóri skólans, yst til hægri, ræða málefni skólans í menntamálaráðuneytinu.



Ljósmynd/UWCRCN

**Fjölbreytileiki** Í skólanum eru um 200 nemendur frá 95 mismunandi löndum, og er fjölbreytileikinn talinn vera einn af styrkleikum skólans.

stakt tækifæri til þess að kynnast 200 öðrum nemendum frá 95 mismunandi löndum. Þó að mikil áhersla sé lögð á námið, skiptir ekki síður máli hvað nemendur gera utan veggja skólans," segir Arne Osland, en hann er þróunarstjóri skólans. Arne segir að fjölbreyttur nemendahópurinn leiði til opnara hugarfars gagnvart öðrum menningarheimum, og sú reynsla geti jafnvel þjónað sem stökkpallur út í hinn víðari heim.

Hjalti Björn Hrafnkelsson, íslenskur nemandi á öðru ári, tekur undir það. "Við lærum svo mikið meira, því að við neyðumst til þess að læra um hvert annað," segir Hjalti. Hann er nú formaður nemendafélags skólans, en Hialti komst að tilvist hans í gegnum íslenska vinkonu sína, sem nú hefur lokið námi við skólann. "Ég ákvað að fara, því að ég kynnti mér starf UWC, og taldi að betta væri nánast fjarstæðukennt, skóli sem bessi gæti varla verið til. Ári síðar get ég sagt að skólinn hefur staðist allar væntingar mínar." Hjalti segir að skólinn sé í raun samfélag þar sem nemendur læri hvernig beir geti haft áhrif og tekið frumkvæði í þágu nærsamfélags síns. Pá sé frábært að geta kynnst fjölbreyttum bakgrunni samnemenda sinna.

# Notar Ingólf sem dæmi

Richard Lamont, skólastjóri, segir að hin norrænu gildi skipti miklu máli í starfi skólans. Sem dæmi um bað megi nefna að skólinn er á vesturströnd Noregs, við Dalsfjörð, en þar bjó Ingólfur Arnarsson, fyrsti landnámsmaðurinn, áður en hann sigldi til Íslands. Þar er einnig afstevpa af styttu Ingólfs á Arnarhóli, sem Íslendingar gáfu Norðmönnum. Richard segir að hann notfæri sér bessa tengingu við Ingólf. "Í útskriftarræðum mínum hef ég stundum notað Ingólf Arnarson sem dæmi, því að í skólanum hvetjum við nemendur til þess að kanna hluti og læra, hér í öruggri höfn skólans, en begar þau útskrifast er tíminn kominn fyrir þau til þess að halda á ókunn mið og kanna nýjar lendur, líkt og Ingólfur gerði." Hægt er að kynna sér skólann betur á slóðinni: www.uweren.no

# Students Step into Ingólfur's Footsteps

- The College Board of UWCRCN from Norway visit Iceland;
- The school celebrates their 20<sup>th</sup> birthday next year;
- The Ministry of Education has paid for an Icelandic students every year.

The College Board of the international school UWCRCN came here this week. The College which is located in Norway is a part of cooperative project between the Nordic countries - the Nordic countries, along with self-governed regions, all have a representative member in the College Board. Sigríður Anna Þórðardóttir, former minister, is Iceland's representative in the College Board; she says that the school has been a very interesting part of the Nordic countries cooperation the 19 years it has been operating.

The College is a part of an international group of schools that operate under the name of the United World Colleges - and it also receives the support of the Norwegian Red Cross. Two Icelandic students study at the College, with the Ministry of Education giving out one scholarship per year to the College since the beginning. Sigríður Anna says that never since the beginning have there been more applicants then this year, and that is because the College has now begun to advertise on social media. Normally the Ministry of Education only places an advert on their web-page in the spring and sometimes that advertisement is missed by many people.

The College offers the IB diploma, which is considered equal to the Icelandic college degree, but from the beginning the school has placed special emphasis on diversity. "I believe that the College provides students with a unique opportunity to get to know 200 other students from 95 different countries; even though a lot of emphasis is put on academic studies, the activities outside of school are not less important" says Arne Osland, the Development Director of the College. Arne says that the diversity of the student group gives the students an opportunity to broaden their world view and that experience can be a good springboard out to the world at large.

Hjalti Björn Hrafnkelsson, an Icelandic second year student, agrees with that. "We learn so much more, because we are forced to learn about each other," Hjalti says. He is the Chair of the Student Council and learned about the school through his Icelandic friend who graduated this spring from the College. "I decided to go because I read about UWC's work and I considered this almost absurd, a school that could almost not exist. A year later I can say that the College has lived up to all my expectations". Hjalti says that the College is in fact a society where the students learn how to take initiative for their surrounding community and that it is wonderful to be able to learn about the diverse backgrounds of his fellow students.

Richard Lamont, the Rektor, says the Nordic values have a big impact on the College's activity. The College is placed on the Western coast of Norway, by Dalsfjord, which is the same fjord that Ingólfur Arnarsson, the first settler of Iceland lived. There you can find a replica of the statue that we can find on Arnarhóll, that the Icelanders gave the Norwegians. Richard says that he often uses this connection to Ingólfur. "In my graduation speeches I sometime use Ingólfur Arnarson as an example because at the College we encourage students to explore things and learn about them; here in the College they are in their protective bubble, but when they graduate the time has come for them to go out and explore on their own as Ingólfur did. You can read more about the school on their web-page: www.uwcrcn.no